

Leikskólinn Smáralundur



Skólanámskrá



| | |
|---|----|
| Formáli | 3 |
| 1 Inngangur..... | 4 |
| 2 Leikskólinn Smáralundur | 5 |
| 2.1 Starfsfólk leikskóla..... | 5 |
| 2.2 Hlutverk leikskólastjóra..... | 5 |
| 2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna..... | 5 |
| 3. Hugmyndafræði og stefna Smáralundar | 6 |
| 3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins | 6 |
| 3.2 Kennsluhættir leikskólans | 7 |
| Leikur | 7 |
| Tónlist..... | 8 |
| Núvitund..... | 9 |
| Blær | 9 |
| SMT..... | 10 |
| Sérkennsla | 10 |
| Farsæld barna | 11 |
| Hreyfing..... | 12 |
| 3.3 Námsumhverfi..... | 12 |
| 4 Grunnþættir menntunar | 13 |
| 4.1 Jafnrétti..... | 13 |
| 4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu | 13 |
| 4.2 Læsi | 14 |
| 4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu..... | 14 |
| 4.3 Heilbrigði og velferð | 15 |
| 4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu..... | 15 |
| 4.4 Sjálfbærni | 16 |
| 4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu..... | 16 |
| 4.5 Sköpun..... | 17 |
| 4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi | 17 |
| 4.6 Lýðræði og mannréttindi | 18 |
| 4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi | 18 |
| 5 Samþætt og skapandi leikskólastarf | 19 |
| 6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn..... | 19 |
| 7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið..... | 22 |

| | | |
|-------|------------------------------------|----|
| 8 | Mat og eftirlit..... | 22 |
| 8.1 | Ytra mat á leikskólastarfi..... | 22 |
| 8.2 | Innra mat á leikskólastarfi | 23 |
| 8.2.1 | Mat barna..... | 23 |
| 8.2.2 | Mat starfsmanna leikskólanna | 23 |
| 8.2.3 | Mat foreldra..... | 24 |
| | Heimildaskrá | 25 |



Formáli

Árið 2011 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út nýja Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Með tilkomu nýrrar menntastefnu urðu umfangsmiklar breytingar á námskránni. Fjöldi námsþátta var minnkaður úr sex í fjóra, og áherslan færð yfir á grunnþætti menntunar sem tengjast öllum skólastigum – frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Árið 2023 voru kaflar 7–10 í Aðalnámskránni endurskoðaðir, og þar með unnið frekar að því að styrkja og skýra leiðarljós menntunar á leikskólastigi.

Leikskólinn Smáralundur í Hafnarfirði hefur verið hluti af verkefninu Heilsueflandi leikskóli síðan árið 2016. Einkunnarorð skólans – *hreyfing, hollusta og vellíðan* – endurspeglar vel stefnu hans. Skólinn leggur sérstaka áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, sem stuðlar að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan barna til framtíðar. Markmið leikskólans eru að efla hreyfifærni barna og skapa öruggt og hvetjandi umhverfi til hreyfingar.

Auk þess stuðlar leikskólinn að heilbrigðu mataræði með því að veita fjölbreyttan og næringarríkan mat ásamt fræðslu um hollustu. Skólinn hefur einnig tekið þátt í þróunarverkefni sem felur í sér innleiðingu núvitundar í daglegt starf. Núvitund í leikskólastarfi snýst að mestu leyti um að starfsfólk tileinki sér núvitund í eigin lífi og starfi og sé þannig börnunum góðar fyrirmyndir. Með því er aukin líkur á því að núvitund verði hluti af menningu skólans og að börn læri að beita henni í daglegu lífi.

Sameiginlegt markmið heilsueflandi leikskóla er að gera heilsueflingu að samþættum og daglegum hluta af skólastarfinu. Sérstök áhersla er lögð á átta lykilþætti sem vinna skal með í leikskólum: hreyfingu, matarræði, geðrækt, öryggi, tannheilsu, fjölskyldu, nærsamfélag og starfsfólki.

Allir þessir lykilþættir eru mikilvægir fyrir árangursríkt heilsueflandi leikskólastarf, en þátturinn sem varðar starfsfólkið er sérstaklega mikilvægur. Starfsfólk leikskóla ber mikla ábyrgð og starfið getur verið krefjandi og streituvaldandi. Því skiptir miklu máli að hlúa að heilsu þeirra. Heilsuefling meðal starfsfólks getur leitt til fjölmargra jákvæðra áhrifa, þar á meðal aukinnar starfsánægju, vellíðunar, betri heilsu og aukins öryggis á vinnustaðnum.

Fyrir hönd leikskólans Smáralundar 09.07.2025

Inga Fríða Tryggvadóttir leikskólastjóri

Dadda Sigríður Árnadóttir aðstoðarleikskólastjóri

1 Inngangur

Leikskólar gegna mikilvægu hlutverki sem menntastofnanir þar sem markmiðið er að mæta fjölbreyttum námsþörfum barna og styðja við alhliða þroska, vellíðan og menntun hvers barns. Í hverjum leikskóla er útbúin skólanámskrá sem leikskólastjóri ber ábyrgð á og endurspeglar hún bæði lögbundin markmið og áherslur viðkomandi skóla.

Skólanámskrá hvers leikskóla endurspeglar bæði sérstöðu skólans og stefnu sveitarfélagsins sem hann tilheyrir. Hún er reglulega endurskoðuð og árlega er gefin út starfsáætlun sem lýsir starfsemi komandi skólaárs. Þar kemur meðal annars fram skóladagatal, áherslur í uppeldi og menntun barna, sem og aðrir þættir sem varða daglegt starf leikskólans, í samræmi við 14. gr. laga nr. 90/2008. Mikilvægt er að tenging sé á milli skólanámskrár og starfsáætlunar, þar sem sú síðarnefnda byggir á mati og umbótum í skólastarfinu og hefur áhrif á þróun skólanámskrárinnar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 10–11).

Í leikskólastarfi á velferð barna og hagsmunir þeirra að vera í fyrirrúmi. Börnum skal veitt umhyggja og menntun í heilbrigðu og hvetjandi umhverfi þar sem þau búa við öryggi og fá tækifæri til náms í gegnum leik og skapandi starf. Starfshættir leikskóla skulu grundvallast á virðingu, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð og umhyggju.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólum eru eftirfarandi:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í nánú samstarfi við foreldra,
- Að veita markvissa málörvun og styðja við eðlilega færni í íslensku,
- Að hlúa að andlegum, vitsmunalegum og líkamlegum þörfum hvers barns, þannig að það fái notið bernsku sinnar,
- Að efla víðsýni og siðferðisvitund barna,
- Að leggja grunn að því að börn verði sjálfstæð, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi í stöðugri þróun,
- Að þróa tjáningar- og sköpunarhæfileika barna með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni í samskiptum (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

2 Leikskólinn Smáralundur

Leikskólinn Smáralundur er staðsettur við Smárabard 1. Leikskólinn er fjögurra deilda með sextíu og sjö nemendum á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Deildir leikskólans heita: Þúfa, Lundur, Brekka og Holt og draga þær nöfn sín úr umhverfinu.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannaður leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi og nærgætni í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkvæmt.

5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 11).

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans í góðu samstarfi við aðra stjórnendur leikskólans. Leikskólastjóra ber að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla, 2008/90; Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Skólastefna Hafnarfjarðar, 2011, bls. 8)

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 11-12, 31)

3. Hugmyndafræði og stefna Smáralundar

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita, hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna. Kennsluaðferðir, samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólastarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 22). Megin markmið Smáralundar er að öll börn vaxi og þroskist í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og fjölbreytileika. Unnið er að því að öll börn öðlist sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og árangri, samhliða því að þroska með sér samkennd og samvinnu. Læri að sýna frumkvæði og öðlist skapandi og gagnrýna hugsun.

3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsmenn leikskólans Smáralundar hafa sammælt um að hafa heilsueflingu að leiðarljósi í starfi leikskólans og fléttast leiðarljósin inn í alla starfs- og kennsluhætti hans. Kennarar eru fyrirmynd barnanna og þurfa þar af leiðandi að tileinka sér heilbrigðan lífstíl og jákvætt viðhorf gagnvart heilsu og hreysti þar sem það eykur vellíðan þeirra í starfi. Þeir þurfa að vera jákvæðir gagnvart leiðarljósinu og mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl.

Við horfum til kenningar Vygotsky um nám og félagslega hugsmíði ásamt kenningum um hlutverk vitrænnar togstreitu. Samkvæmt þeim kenningum er litið á nám sem félagslega

athöfn þar sem samvinna við aðra einstaklinga gegnir lykilhlutverki (Vygotsky, 1978). Við viljum að barnið kynnist leik og leikgleði og öðlist færni í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Vinnuumhverfi sem býður upp á ánægju og hreysti, eflir gagnkvæma virðingu, sjálfstraust, samkennd og samstöðu allra á vinnustaðnum bæði fullorðinna og barna.

Einkunnarorð skólans eru: Hreyfing, Hollusta og Vellíðan

Hreyfing: Við leggjum áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi. Með því er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við eflum hreyfifærni og sköpum öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Hollusta: Stuðlum að heilsusamlegu fæðuvali með, fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.

Vellíðan: Birtist í að þau hafa trú á sjálfum sér og eigin getu og hafa jákvæða sjálfsvitund. Börn og foreldrar komi glöð í skólann og fari ánægð heim í lok dags.

3. 2 Kennsluhættir leikskólans

Leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er hann í senn markmið og leið. Leikur er lífstjáning og gleðigjafi barnsins, hann er mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Í sjálfsprottnum leik er barn:

stjórnandi og skapar leikinn úr eigin upplifunum og hugarheimi,

að taka ákvarðanir og leysa úr vandamálum,

einbeitt, það gleymir stund og stað,

upptekið af augnablikinu, það er ferlið sem skiptir máli,

laust við utanaðkomandi reglur aðrar en þær sem barnið setur sjálft eða í samráði við leikfélagana,

Í leik vaknar samkennd og vinátta, virðing fyrir rétti annarra og vitund fyrir lýðræði.

Leikurinn er aðferð barnsins til að skilja og vinna úr eigin reynslu. Það lætur ímyndunaraflíð ráða ferðinni eftir skilningi sínum og tilfinningum. Leikurinn þroskar samkennd og skilning á sjónarmiðum annarra, eflir samskiptahæfileika barnanna og félags þroska. Skipulag og umhverfi leikskóla hafa áhrif á leik barna og geta stutt við leikinn. Við viljum skapa börnum

samfélag þar sem þau skilja umhverfi sitt og gera það viðráðanlegt í stað þess að ætla þeim flókið umhverfi þar sem reglur eru stöðugt að breytast og munnleg skilaboð gefin sem henta öðrum aldri. Leikefni við hæfi hjálpar börnunum að skapa sinn eigin leikheim í friði innan ramma leikskólans. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra“. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hlutverk leikskólakennarans er að miðla til barnanna reynslu og þekkingu og börnin þurfa að fá tækifæri til að vinna úr þeim upplýsingum á eigin forsendum og njóta sköpunarhæfileika sinna. Einnig skapar leikskólakennarinn umgjörð um leikinn svo börnin séu virk og skapandi í leiknum. Leikskólakennarinn þarf að vera forvitinn um hugsanir barnanna til að knýja áfram og virkja hæfileika þeirra og sköpunargleði, hann veitir þeim öryggi með návist sinni.

Við leggjum áherslu á að skipulag leikskóladagsins gefi leiknum mikið rými og að hann fái að njóta sín sem best. Mikilvægt er að umhverfið sé hvetjandi og að efniviður sé fjölbreyttur, aðgengilegur og kalli á sköpun og þátttöku barna.

Við leggjum áherslu bæði á frjálstan og skipulagðan leik. Í frjálsta leiknum velja þau svæði/smiðjur þar sem frjálst og sjálfssprottinn leikur fer fram. Þar er hinn fullorðni í bakgrunni og styður ef á þarf að halda. Í skipulagða leiknum er komið inn á öll námssviðin og þau fléttuð inn í leikinn án þess að um beina kennslu sé að ræða.

Leikur eflir sköpunargleði, hugmyndaflug, sjálfstraust og námshæfileika barna.

Tónlist

Í Smáralundi fer hvert barn í tónlistartíma einu sinni í viku. Áhersla er lögð á að hafa tímana fjölbreytta og eru námsþættirnir söngur, hreyfing, hlustun og hljóðfæraleikur. Mikil málörvun fer jafnframt fram í tónlistartímum og er þá mesta áherslan á orðaforða, samstöfur, rím, fyrsta hljóð í orði, heyrnarminni og heyrnræna úrvinnslu. Yfirleitt er unnið með alla þessa þætti í gegnum leikinn nema þegar kemur að hlustuninni þá læra þau líka að einbeita sér að tónlistinni með því að gera ekkert annað á meðan. Einnig fara börnin í TónMáls tíma sem er námsefni í tónlist og málörvun fyrir þriggja til fjögurra ára gömul börn. Markmið TónMáls er að efla forlestrarfærni barna í gegnum leik og tónlist.

Viðfangsefnunum er raðað í fjóra flokka:

1. Taktur
2. Fyrsta hljóð í orði
3. Tónvísí/tónhermifærni
4. Máltilfinning, máhljóð og taktur tungumálsins.

Að sjálfsögðu er kennt í gegnum leik og er allt kennsluefnið í gamalli töfra tösku sem er mjög spennandi og dularfull.

Núvitund

Núvitund er innleidd fyrir nemendur á markvissan hátt þar sem fylgt er eftir sérhannaðri núvitundar námskrá (e. *Mindfulness based Kindness Curriculum*). Unnið er með breska námsefnið Gjöfin í núinu (e. *The present*), einnig er lagt upp með að tengja núvitundarþjálfun nemenda við vináttuverkefnið „Fri for mobberi“ en það er forvarnarverkefni gegn einelti.

Gjöfin í núinu er námsefni sem gerir leikskólum kleift að innleiða aðferðir núvitundar og vellíðunar í skólastarfið. Námsefnið tengir núvitund, vellíðan og taugavísindi við daglegt skólastarf. Hér má sjá markmið námsefnisins:

- Innsýn í hugsanir og hugarferli (meðvitund um hugsanir).
- Færni til að stýra athygli.
- Færni til að hafa stjórn á tilfinningum.
- Getu til að draga úr gagnrýni og ógagnlegum viðbrögðum.
- Getu til að taka eftir og fanga jákvæða upplifun.
- Góðvild og opið hugarfar gagnvart eigin sjálfsmynd og annara

Blær

Blær er forvarnarverkefni sem byggir á rannsóknum á einelti en það er mikilvægt að hugmyndafræðin og gildin sem verkefnið byggir á sé samofið inn í daglegt starf skólans.

Markmið með verkefninu er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Námsefnið er ætlað börnum, foreldrum,

kennurum og öðru starfsfólki og inniheldur skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem byggja á gildunum fjórum. Í verkefninu kynnumst við bangsanum Blæ sem kemur að heimsækja krakkana á Íslandi frá Ástralíu. Öll börnin fá lítinn Blæ í upphafi skólagöngu í Smáralundi sem þau eiga í leikskólanum. Þau geta alltaf leitað til Blæs þegar þau vilja og knúsað hann eða spjallað við hann. Einnig er einn stór Blær á hverri deild sem hjálpar börnunum með verkefnin.

SMT.

Unnið er með SMT skólafærni (Scool Management Training) á leikskólanum. SMT skólafærni er byggð á hugmyndafræði PMT foreldrafærni (Parent Management Training) en hana hafa foreldrar kost á að kynna sér og tileinka. Í SMT skólafærni felst að fyrirbyggja, draga úr og stöðva óæskilega hegðun. Áhersla er lögð á samræmd vinnubrögð og á að gefa jákvæðari hegðun gaum. Þannig notum við SMT sem verkfæri til að styrkja og kenna jákvæða hegðun.

Við höfum einfaldar og skýrar reglur sem eru leiðbeinandi um hvernig við gerum í hverjum aðstæðum fyrir sig. Þessar reglur eru lagðar inn og hanga uppi á hverju svæði fyrir sig og er reglulega minnt á þær. Þegar börn fara eftir reglunum þá fá þau umbun, t.d. „bros“ sem þau safna saman á ákveðið svæði á hverri deild. Þegar þau eru búin að fylla svæðið sláum við upp brosvéislur sem getur falist m.a. í blöðruveislur eða búningadegi svo eitthvað sé nefnt. Börnin hafa ákveðið fyrir fram hvernig veislan á að vera og stendur þá valið á milli tveggja, þriggja atriða og ræður þá meirihlutinn.

Sérkennsla

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 2008, reglugerð um sérfræðipjónustu í leikskólum nr. 584/2010 og starfsreglum Skólaskrifstofu. Markmið með sérkennslu í leikskólum er að tryggja að börn fái notið leikskóladvalar sinnar og fái fjölbreytilega kennslu sem taki mið af þörfum viðkomandi barns.

Mennta- og Lýðheilsusvið úthlutar stuðningstímum til skóla en hver leikskóli skipuleggur íhlutunina. Við skipulagningu á kennslu og/eða þjálfun er ávallt unnið í nánú samráði við forráðamenn/foreldra og sérfræðipjónustu leikskóla. Í hverjum leikskóla starfar sérkennslustjóri sem er faglegur umsjónarmaður og skipuleggur stuðningstímuna

Í leikskólanum okkar eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Við leggjum metnað okkar í að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverskyns sérþarfa er þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska-, hegðunar- eða tilfinningalegra frávika auk sérstakra aðstæðna barnsins. Þjónustan miðast við að gera börnunum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, þ.e. að hafa áhrif á þroska framvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir hvert og eitt barn sem nýtur stuðnings og þær endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir. Stuðningur fer fram inni á deild, í litlum hópum, í útiveru og einnig í einstaklingsmiðaðri vinnustund í sérkennsluherbergi.

Barn skal vera hluti af heildinni og gæta þarf þess að stuðningurinn fari að mestu leiti fram innan barnahópsins og að barnið taki þátt í leikskólastarfinu líkt og öll önnur börn.

Farsæld barna

Í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 hefur Hafnarfjarðarbær mótað verklag sem miðar að því að efla snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins. Markmiðið er að tryggja heildræna og samfellda þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna þeirra á skilvirkan hátt.

Innan þessa verklags hefur verið komið á fót svokölluðu **Brúarteymi**, sem byggir á samstarfi milli sérfræðinga frá mennta- og lýðheilsusviði, fjölskyldu- og barnamálasviði og starfsfólks viðkomandi skóla.. Slíkt þverfaglegt samstarf tryggir samræmda sýn og samþættar aðgerðir í þágu barnsins.

Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barnsins í náinni samvinnu við foreldra, greina styrkleika og áskoranir og móta viðeigandi stuðningsúrræði. Lögð er áhersla á að veita þjónustu á fyrri stigum með markvissum aðgerðum sem miða að því að bregðast við vanda áður en hann dýpkar.

Verklagið er í takt við meginmarkmið farsældarlaganna sem leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, samstarf fagfólks og þátttöku fjölskyldna til að tryggja velferð barna og stuðla að farsælli þróun þeirra.

Hreyfing

Það er börnum eðlislægt að hreyfa sig og hreyfingin stuðlar að aukinni vellíðan. Með hreyfingu öðlast börn færni í að beita líkamanum og samhæfa hreyfingar sínar. Úthald og líkamleg geta eykst eftir því sem líkamsvitundin verður meiri. Í Smáralundi gefast fjölmörg tækifæri til hreyfingar. Öllum nemendum í Smáralundi er boðið upp á skipulagða hreyfingu tvisvar í viku undir handleiðslu kennara. Íþróttatímarnir fara ýmist fram inn í íþróttasal, á útisvæði eða í nærumhverfi skólans. Skipulag íþróttatímanna er fjölbreytt og markvisst þar sem það skiptist niður eftir vikum og hefur hver vika sitt þema. Innihald hvers þema er sniðið fyrir þá þroska þætti sem unnið er með hverju sinni.

Daglega fara öll börn í útiveru og þar fá þau tækifæri til að ærslast og fá útrás fyrir hreyfipörfina auk þess sem útiveran eflir mótstöðu líkamans. Farið er reglulega í vettvangsferðir og þar fá börnin tækifæri til að þjálfra úthald sitt og kljást við ójöfnur. Fínhreyfingar eru þjálfaðar í daglegum athöfnum þegar börnin æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, teikna, klippa og fást við fjölbreyttan efnivið.

3.3 Námsumhverfi

Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Í leikskólanum hefur hver deild 2-3 herbergi til umráða auk annara svæða í skólanum sem eru íþróttasalur og leikloft á tveimur deildum. Búnaðurinn sem börnin hafa aðgang að er misjafn eftir aldri barnanna en alstaðar er í boði ýmis verðlaus efniviður sem hvetur þau til að nýta öll skynfæri sín, rannsaka og draga ályktanir. Leikskólakennarar og annað starfsfólk hefur það hlutaverk að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og efnivið sem vekur forvitni og ýtir undir ímyndunarafli og sjálfstæði barnanna. Útisvæði leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til leiks og starfs. Þar má meðal annars finna útielhdús sem býður upp á spennandi og skemmtilegan leik með náttúruleg efni, svo sem drullumall og sköpun. Einnig eru hefðbundin leiktæki á svæðinu, þar á meðal rólur, rennibrautir og sandkassar sem styðja við hreyfiþroska og sköpunargleði barna.

4 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun** eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni.

Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að strákar, stelpur og stálp eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólasterfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi allra kynja. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings.

4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu

Í Smáralundi eru börn og starfsmenn af ólíkum uppruna og allir hafa eitthvað fram að færa. Unnið er að jafnrétti með ýmsum hætti meðal annars í gegnum leikinn, valttíma, lífsleikni,

sjálfsbjörg og málörvun. Jafnréttismenntun á ekki einungis að eiga sér stað innan einhvers ákveðins námsþáttar í einni námsgrein heldur er mikilvægt að hún sé samofin öllu skólastarfinu, því formlega og óformlega. Jafnrétti merkir ekki að allir eiga að fá það sama. Í jafnrétti verður líka að felast réttlæti (jafngild tækifæri). Jafnrétti birtist meðal annars í leiknum en þar fá öll börn jöfn tækifæri og njóta sama réttar auk þess sem þeim er gefið ákveðið svigrúm til að þróa og skapa sinn leik á eigin forsendum. Í Smáralundi vinnum við eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur fram að öll börn eigi rétt á að leika sér. Jafnrétti verður ekki til nema að virðing fyrir margbreytileika ríki og að litið sé á margbreytileika sem æskilegan og honum fagnað og sóst eftir honum.

4.2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu

Í leikskólanum verður unnið að því að efla alla þætti máls og leggja þannig grunn að lestri og ritun í lífsleiknitímum, leik og almenna örvun í umhverfinu. Unnið verður að því að skapa tækifæri fyrir barnið til að efla þekkingu sína, leikni og hæfni til að geta lesið í umhverfi sitt og tjáð upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Rík áhersla er lögð á málrækt í leikskólastarfinu, kemur hún inn í allar daglegar athafnir. Að hafa góð tök á tungumálinu er mikilvægt í öllum samskiptum barnsins bæði við börn og fullorðna. Við notum margar og fjölbreyttar leiðir til að efla læsi. Við leggjum áherslu á að málumhverfið sé hvetjandi og krefjandi í leik og starfi. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum en með því vaknar áhugi á bókstöfum, tölustöfum og rituðum texta. Bækur eru aðgengilegar inná öllum deildum og áhersla er lögð á að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur og ævintýri, syngja og fara með ljóð og þulur.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáðferðir þannig að allir fái tíma og tækifæri til að njóta sín og nálgast verkefni á sínum forsendum. Haft að leiðarljósi að málörvunin sé fjölbreytt og lifandi og fléttuð inn í allt daglegt starf. Við stuðlum að mikilvægi þess að börnin læri umhverfislæsi, menningarlæsi, tilfinningalæsi og fjölmenningslæsi. Með því, ásamt frjálsum leik, verkefnavinnu, vettvangsferðum og samskiptum eflum við læsi í sínum víðasta skilningi. Í okkar daglega starfi er unnið með alla þætti málsins, *hljóðkerfisvitund*, *orðaförða*, *máltjáningu*, *stafabekkingu* og *hlustun*. Við byggjum upp færni barna til að skilja og nota tungumálið og ýtum undir forvitni þeirra og þekkingarþörf.

4.3 Heilbrigði og velferð

Smáralundur er Heilsueflandi leikskóli. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólalag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Heilsueflandi leikskóli er heilðræn nálgun á vegum embættis landlæknis sem hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólum. Markvisst heilsueflingastarf felst í því að skapa aðstæður og umhverfi þar sem öllum getur liðið vel og fengið tækifæri til að blómstra í leik og starfi. Með því að taka þátt í Heilsueflandi skóla gefst skólum landsins tækifæri til að nota ákveðin verkfæri og stuðning sem embætti landlæknis býður upp á.

4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Í Smáralundi leggjum við áherslu á að mynda nán tengsl við börnin svo að þau upplifi öryggi, traust og að þau finni að þörfum þeirra sé sinnt af alúð. Við hvetjum börnin til sjálfshjálpar og brýnum fyrir þeim hreinlæti. Við leggjum áherslu á hollt og fjölbreytt mataræði og eru börnin hvött til að smakka allan mat. Reynt er að leggja áherslu á að matartímar séu róleg stund. Útivist er daglega á leikskólanum og boðið er upp á markvissa hreyfingu tvisvar í viku. Einnig hlaupa börnin fyrir mat til að ná upp púlsinum og auka þol. Öll börn fara í hvíld eftir matartíma og er hún ólík eftir aldri barnanna. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti og félagsleg tengsl.

Hvöldin er afar mikilvæg í leikskóla og undirstaða þess að barninu líði vel allan daginn. Þegar hvíldartími er, leggjum við áherslu á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft fyrir þá sem ekki þurfa að leggja sig . Í Smáralundi er lagt upp með að hvert og eitt barn fái fjölbreytta núvitundarþjálfun til að takast á við dagleg verkefni og njóti betur líðandi stundar.

4. 4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því. Við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni í námi sínu.

4. 4. 1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Markmið sjálfbærni menntunar er að börn byggi upp þá þekkingu, þau viðhorf og þá færni sem nauðsynleg er til að mynda sjálfbært samfélag. Með sjálfbærni erum við að gefa börnum tækifæri til að vinna með og velta fyrir sér hvernig við göngum um umhverfi okkar. Hringrásur og fyrirbærum í náttúrunni, margvíslegum auðlindum náttúrunnar og hvernig við getum nýtt þær. Við erum þátttakendur í Laufinu, markmið laufsins er að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki í þeirra sjálfbærnivegferð með hugbúnaði Laufsins og laufakerfinu sem er byggt á grænum skrefum Umhverfisstofnunar. Laufakerfið gerir fyrirtækjum kleift að halda utan um

umhverfisáhrif sín, setja áþreifanleg og raunhæf markmið í umhverfismálum og meta árangurinn af þeim. Við erum með flott flokkunarkerfi, fatamarkað þar sem foreldrar geta komið með, eða fengið fatnað. Börnin eru umhverfissinnar þar sem þau fylgjast t.d. með ljósunum, slökkva þegar engin er í rýminu, skoða tunnurnar hvort það sé rétt flokkað oflr. Við viljum að leikskólinn sé fyrirmynd barna og foreldra hvað náttúru og umhverfismál varða, og að allir séu meðvitaðir um að náttúran og umhverfið okkar er á ábyrgð okkar allra.

4. 5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður.

4. 5. 1 Sköpun í leikskólastarfi

Markmið sköpunar er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Í sköpun eru börn að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið.

Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi. Í skapandi starfi þarf fyrst og fremst að beina athyglinni að ferlinu sjálfu, tjáningunni, gleðinni og náminu sem á sér stað þegar ímyndun, tilfinningar og hugmyndir fá að njóta sín. Sköpun byggist á uppgötvun, gagnrýnni hugsun, rannsókn og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir Gegnum sköpunarferlið lærir og þroskast barnið enda er áherslan lögð á ferlið en ekki útkomuna. Skapandi starf er virkur þáttur í daglegu starfi leikskólans. Efniviður er fjölbreyttur, opinn og skapandi því þannig búum við börnunum aðstæður sem örva frjálsa og skapandi hugsun. Hlutverk okkar sem kennarar, er að hvetja börnin til að vera virkir þátttakendur í eigin námi og hafa trú á sjálfum sér og hugmyndum sínum.

4. 6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki búa borgarar við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildum og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroska möguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að börn koma til með að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildum hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.

4. 6. 1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi

Við getum stuðlað að lýðræðislegu starfi í leikskólanum með því að vera með virka hlustun í daglegu starfi, passa upp á fagmennsku, sinna starfinu af ábyrgð og vera með lýðræðislega samræðu og samvinnu. Börn eru getumikil, hæf og sterk og þurfum við að passa að bera virðingu fyrir viðhorfi þeirra og rétt til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi. Við þurfum að efla tjáningu barnanna og ýta undir að þau komi skoðunum sínum á framfæri, einnig að það sé ekkert rétt eða rangt í þeim. Allar skoðanir hafa rétt á að koma á framfæri.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Leikskólastjóri leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Leikskólakennari er leiðandi samverkamaður barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Allir innan leikskólans þurfa að vera virkir og taka þátt í starfinu og undirbúningi þess, sýna ábyrgð, kurteisi og heiðarleika. Barnasáttmálinn fléttast inn í allt daglegt starf. Markmiðið er að auka virðingu og vernd til að uppfylla mannréttindi barna. Öll börn hafa rödd og læra um lýðræði í lýðræðislegu umhverfi (Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna)

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og hríslast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna.

Hér þarf að geta hvernig hver grunnþáttur fléttast inn í allt starf leikskólans. T.d. hvernig er unnið með læsi í víðum skilningi, hvaða verkfæri eru notuð til þess að efla tilfinningalæsið í öllu starfi bæði úti sem inni, í skipulögðu sem og óskipulögðu starfi sem og hvaða kennslufræðilegir leikir verða notaðir til að ná fram leikreynslu.

6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila (Aðalámskrá leikskóla, 2011, bls 48).

Starfsfólk Smáralundar leggur metnað sinn í að dagleg samskipti einkennist af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Skipulögð foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og svo geta foreldrar alltaf beðið um viðtal. Opið hús er á leikskólanum einu sinni á ári þar sem foreldrum og fjölskyldu er boðið að koma og sjá vinnu barnanna. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og foreldrafélag. Foreldrafundur er haldinn í september og svo er fundur hjá foreldrafélaginu einnig einu sinni á ári.

Mikilvægt er að miðla upplýsingum til foreldra, við gerum það með því að setja reglulega inn fréttir á Facebook síðu skólans, sendum tölvupósta, gerum skóladagatal, setjum upplýsingar á tilkynningartöflur í fataklefa. Gagnkvæm miðlun upplýsinga á sér stað, m. a. um hagi og þroska barns og starf leikskólans.

Markmið með góðu samstarfi við alla er varðar leikskólastarfið er að vinna vel saman að gera gott leikskólastarf og samskipti enn betri. Leikskóli er samfélag þar sem börn og starfsfólk læra saman og hvert af öðru. Á góðum vinnustað er nauðsynlegt að hafa rými fyrir ólíkar skoðanir og tilfinningar ásamt því að skapa tækifæri til að gera gott starf betra. Starfsfólk er hvatt til að deila hugmyndum sínum, prófa nýja hluti og vera samtaka í að byggja upp gott og faglegt starf. Mannauður leikskólans er mikill og mismunandi hvar hæfileiki okkar og áhugasvið liggur eftir einstaklingum. Því er mikilvægt að allir starfsmenn fái að njóta sín og fái tækifæri til nýta þá hæfileika sem þeir hafa sem skilar sér í betra starfi til barnanna. Við í Smáralundi erum mjög stolt af góðu foreldrasamstarfi sem skilar sér inn í starfið á margan hátt. Nú síðast í skólasöng sem foreldrar í skólanum sömdu bæði texta og lag og gáfu okkur.



Smáralundur

Höfundar: Magnús Örn Magnússon & Thelma Hafþórsdóttir Byrd



Í Smáralundi er gaman,
við veitum hvert öðru hjálp
og leikum okkur saman
stelpur, strákar og stálp.

***Við getum sungið og dansað.
Við getum spjallað og rambað.
Oftast glöð en stundum á svelli völt
sama hvað, við stöndum saman öll.***

Við eigum kennara ljúfa,
sem kenna okkur svo margt.
Brekka, Lundur, Holt og Þúfa
geyma bestu minningarnar.

Við getum sungið og dansað...

Með gleði og von í hjarta
vetur, sumar, vor og haust.
Við tryggjum framtíð bjarta
með því að hefja okkar raust.

Við getum sungið og dansað...



©2024 Thelma Byrd

[Skólasöngur Smáralundar](#)

7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Markmiðið er að stuðla að sem bestu samstarfi við grunnskólann með hag barnanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að skapa samfellu í námi og upplýsingamiðlun á skilum skólastiga.

Við tilheyrum tveimur skólahverfum og hefur samstarf verið við báða skólana. Kennarar hittast og setja upp veturinn, þeir ræða saman um það sem verið er að gera á þessum skólaskilum og skipuleggja heimsóknir á milli skólastiganna. Við förum í heimsóknir í skólana og þau koma til okkar. Markmið með heimsóknunum er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga. Þar fá þau að kynnast skólanum, umhverfi hans og hinum ýmsu þáttum skólastarfsins.

8 Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 26 -27, 54)

8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti.

Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli

lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28 og 55).

8. 2 Innra mat á leikskólastarfi

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) bls. 27, 54 og 55 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Kennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans. Könnunin er gerð fyrir hönd skóla- og frístundaráðs. Niðurstöðurnar gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara. Mat er á námi hvers barns og er farið yfir það með foreldrum í foreldraviðtölum. Þegar kemur að mati á börnum er stuðst við t.d. EFI 2 og HLJÓM- 2.

Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.

8. 2. 1 Mat barna

Börnin meta starfið einu sinni á önn. Þá meta þau leikefni og svæði sem eru notuð og hvaða efniviður er í boði á svæðunum. Einnig meta þau matinn sem boðið er upp á.

8. 2. 2 Mat starfsmanna leikskólanna

Reglulegt endurmat sem starfsfólk vinnur sameiginlega að á skipulagsdögum, starfsmannafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum. Að auki er unnin viðhorfskönnun meðal starfsfólks.

8. 2. 3 Mat foreldra

Viðhorfskannanir frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar eru lagðar fyrir foreldra annað hvert ár. Einnig eru formleg foreldraviðtöl tvisvar á ári þar sem foreldrum gefst tækifæri til að koma fram skoðunum sínum á starfinu. Niðurstöður úr foreldrakönnunum eru kynntar formlega fyrir foreldrum og einnig fræðslufirvöldum.



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Barnalög nr. 2003/76. Sótt 23. september 2012 af

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2003.076.html>

Lög um leikskóla nr. 2008/90. Sótt 23. september 2014 af

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Sótt 25. september 2014 af

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Skólastefna Hafnarfjarðar. (2009). Hafnarfjörður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Vygotsky, L. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes.*

Cambridge, MA: Harvard University Press.

Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna